

Stjórnarfundur nr. 775 haldinn í Búgarði 6. nóvember 2017. Mætt eru: Bjarnveig, Sigurður, Einar, Þorgerður, Ásdís. Forföll boðaði Guðrún.

1. Fundargerð síðasta fundar. Fundargerð samþykkt með áorðnum breytingum.
2. Ásdís Sigurðardóttir, nýr framkvæmdastjóri, boðin velkomin til starfa.
3. Formleg athöfn vegna fyrirmyndarhérað. Ásdís hefur verið í sambandi við Viðar Sigurjónsson hjá ÍSÍ varðandi tímasetningu á þessum viðburði. Upphaflega stóð til að hafa viðburðinn föstudaginn 10/11 kl. 16:00 í íþróttamiðstöðinni á Dalvík en það hentar ekki fulltrúum ÍSÍ. Ákveðið að halda viðburðinn á Hrafnagili mánudaginn 13/11 2017 kl. 17:00. Ásdís verður í sambandi við fulltrúa ÍSÍ vegna þessa og tekur að sér að senda boð á viðburðinn. Talað um að vera með kynningu á íþróttagreinum og þátttöku samhliða þessu. Frisbígolf, borðtennis, badminton, glímu, parkour og hástökk. Þorgerður ætlar að athuga með hástökk skeppendur. Sigurður ætlar að hafa samband við kvenfélagið á staðnum vegna veitinga.
4. Ritaramál. Sigrún Finnsdóttir ritari stjórnar kynnti það á síðasta fundi að hún væri að flytja suður. Samþykkt að Guðrún Sigurðardóttir verði kölluð inn sem aðalmaður í stjórn Sigrúnar.
5. Bréf sem borist hafist.
  - a. Erindi frá Skíðafélagi Dalvíkur, annars vegar styrkbeiðni vegna ferðakostnaðar þingfulltrúa á ársþing Skíðasambands Íslands og hins vegar styrkbeiðni vegna tveggja fulltrúa á vorkund samtaka skíðasvæða. Samþykkt að styrkja Skíðafélagið vegna ferðakostnaðar þingfulltrúa á ársþing Skíðasambands Íslands, eða um 30.600 kr.
6. Önnur mál.
  - a. Sigurður fór yfir úthlutun úr Fræðslu- og verkefnasjóði. Stjórnin fundaði 1. nóvember 2017 og ákvað úthlutun.
    - i. Sundfélagið Rán v/sundmót á Siglufirði. Hafnað.
    - ii. Sveinn Torfason v/ráðstefnu í Noregi (Skíðafélag Dalvíkur). Úthlutað 40.000 kr.
    - iii. Umf. Smárin v/ýmislegt. Samþykkt að styrkja v/búnaðarkaupa. Úthlutað 30.000 kr.
    - iv. Hestamannafélagið Hringur v/gestakennara á reiðnámskeið. Úthlutað 120.000 kr.
    - v. Sandra Sævarsdóttir, Umf. Reyni v/þjálfaranámskeiðs. Úthlutað 20.000 kr.
    - vi. Umf. Reynir v/frisbígolfvallar og blaknets. Úthlutað 50.000 kr.
    - vii. Umf. Samherjar v/kynningardags. Hafnað.
    - viii. Sigurður Eiríksson, Umf. Samherjar, v/dómaranámskeiðs í borðtennis. Úthlutað 20.000 kr.
    - ix. Umf. Samherjar v/borðtennisborða. Úthlutað 100.000 kr.
    - x. Umf. Samherjar v/frisbígolfvallar. Úthlutað 80.000 kr.
    - xi. Jóhann Már Kristinsson UMSS v/þjálfaranámskeiðs í USA. Úthlutað 40.000 kr.Alls úthlutað 500.000 kr.
  - b. Jólahlaðborð 24. nóvember á Hótel KEA. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri verða í sambandi við Sigrúnu.
  - c. Einar kom með blöð úr Landsbankanum sem stjórn og framkvæmdastjóri þurftu að undirrita, eyðublöð vegna aðgangsheimilda í netbanka.
7. Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:53.

Einar Hafliðason, fundarritari

---

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE

---

